



# Reglugerð um heilsufar í akstursíþróttum

## Formáli

Þátttaka í akstursíþróttum byggir á góðu líkamlegu ástandi keppenda og óskertri getu til að meðhöndla ökutæki. Þá þarf einnig að huga að andlegu hliðinni.

1. Umsækjendur um almennt keppnisskírteini þurfa að staðfesta heilsufar sitt með sérstakri staðfestingu á umsókn.
2. Eigi einhverjir eftirtalinna kvilla við þarf að skila sérstakri skýrslu til AKÍŠ:
  - Höfuðverkjarköst eða mikill hausverkur
  - Meðvitundarleysi
  - Svimi eða yfiriðatilfinning
  - Flogaveiki eða flog
  - Hjartasjúkdómar: kransæðastífla, hjartaöng, hjartalokur, óreglulegur hjartsláttur, hár blóðþrýstingur
  - Geðrænir sjúkdómar
  - Aðgerðir á: augum, heila, hjarta, taugum, æðum og beinum
  - Ofnæmi
  - Augnsjúkdómar eða skert sjón (sem ekki er löguð með réttum gleraugum eða linsum)
  - Astmi
  - Sykursýki
  - Blóðleysi eða aðrir blóðsjúkdómar og óeðlilegar blæðingar
  - Sjúkrahúsvist síðastliðna 12 mánuði
  - Útlímamissir / skert hreyfigeta
  - Ofneysla lyfja eða áfengis
  - Fyrri undanþága frá heilsukröfum AKÍŠ
  - Aðrir sjúkdómar sem ekki eru taldir upp hér
3. Umsækjandi um alþjóðlegt keppnisskírteini AKÍŠ skal leita til læknis sem getur staðfest heilsufar keppanda. Læknirinn þarf að fylla út sérstakta heilsufarsskýrslu (sem er aðgengileg á vef AKÍŠ) og staðfesta réttleika með undirritun. Heilsufarsskýrslan skal berast AKÍŠ í innsigliðu umslagi eða með umsókn keppanda.

Allar upplýsingar um heilsufar keppenda eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.